

Nemo est qui intelligere possit.  
Seneca.

Ein af þeim bókum, sem hver sá Íslendingur verður að lesa, sem hug hefur á því að skilja þjóð sína, er »Pjóðsögurnar«; en sá skilningur er meira virði en flesla grunar.

Það er oft bæði raun og gaman að lesa þjóðsögurnar, ekki síst sögurnar af Sæmundi fróða. Raun af því, að sögurnar sýna svo vel hve fjarri alþýðan var því að skilja hvað þessi maður var, en allur misskilningur, einkum á mikilmennum, leiðir til ills. Gaman af því, að sögurnar sýna betur en nokkurn sögumanninn, karl eða konu, grunaði, hvílkt afarmenni og ágætismaður Sæmundur var. Misskilningurinn á Sæmundi og forseðrunum er svo megn, að þjóðtrúin lætur hann hafa átt konu af lágum stigum. Fornmenn voru konuvandari en ætla mætti af því, sem sögurnar segja um konukaup, einkum ef ekki er lesið nógu vel, eins og Íslendingum hættir við, þar sem sögurnar eru annars vegar. Að vísu gátu fornmann stundum börn við ambáttum, en þá mun segurð og afl eða ástúð vanalegast hafa sagt til um ættgösgina. Annars var kynið, að því er jeg hygg, hið göfgasta, sem gengið hefur á þessari jörð, hvergi óblandaðri aðall en á Íslandi, og líkamsmenningin á svo háu stigi, að þá þurfti ekki að fara í kolin til að finna eitt hvað af þeiri segurð, sem kom fornönnum til að nefna konur sínar Fögurkinn, Stjarna, Niðbjörg, Náttslón eða Knarárbringa.\*)

\* Og Mjallkverk, því að Melkorka módir Ólafss Pá mun svo hafa heitið að rjettu lagi. *Mikið af því, sem mun telja keltnesku, mun ver aðbókuð Norræna.* Kjörvalur t. a. m. virðist vera karlkynsordið við Valkyrja; Kjartan ef til vill sama sem Hjartann, sbr. hvernig h verður að k einhverstaðar í þeim afskræmismállyskum, sem menn nefna nýnorsku eða »landsmaal« í Noregi.

En í kotunum á, eins og kunnugt er, segurðin svo erfitt uppdráttar, að hætt er við, að eitthvað vilji verða útundan.

Hversu kvennvandur Sæmundur fróði muni hafa verið, geta menn nokkuð ráðið af því, að sonarsonarsonur hans, Sæmundur Jónsson (fóst-bróðir Snorra), sem að vísu var miklu minni maður á vit og annað en langufi hans, áleit sjer hvergi fullkosta á Íslandi og ætlaði að eiga jarlsdóttur úr Orkneyjum. En úr þeim ráðahag varð þó ekkert, því að Sæmundur vildi ekki minka sig svo, að hann sækti sjálfur konuna, en jarlinn astur á móti ekki láta hann fá hana að öðrum kosti. Sæmundur eiginkvæntist því aldrei, eins og þeir nefndu það, en gat þó börn við sinn konum íslenskum eða fleiri. Og að íslenskt kvensfólk var til, sem hafði göfgi til þess að því væri trúandi syrir niðjum Sæmundar fróða, sýndi best Solveig á Keldum, Sæmundardóttir, sem Snorri girntist svo mjög, en Sturla Sighvatsson, bróðursonur hans, eignaðist. Hefur þess verið getið til, í ritgerð um þennan glæsilegasta af hinni glæsilegu ætt Sturlunga, að Solveig muni hafa verið einhver segursla kona á Íslandi á sinni öld.

Nógu skritið er það, að Sæmundur Jónsson, sem ættardrembnastur mun hafa verið af Oddaverjum, kunni þó ekki til fulls að meta ættgöfsgí sina, og þóttist líklega fult svo mikið af því að vera kominn af Magnúsi konungi berbein eins og af Sæmundi fróða og hans foreldri. Hann helur sjálfsagt ekki grunað, að ætt Sæmundar fróða var svo göfug, að hún spillist ofurlitið af að blandast blóði jafnvel slikrar helju sem Magnús konungur Ólafsson var.

Hjer eru málsefni mikil, og ervitt að vera stutt-  
orður; en þó held jeg um sinn ekki lengra þessa leið.

Ein af eftirtektarverðustu sögumum um Sæ-  
mund fróða, og þó torskildasta, er sú, að honum  
hafi verið ætlað sáluſjelag með fjósamanni á Hól-  
um, ef til vill afkomanda Sæmundar hins suður-  
eyska. Fór Sæmundur norður til að kanna ged-  
hans, og gladdist við, er hann fann að þessi sálu-  
ſjelagi hans var góðlyndur og stiltur vel.

Hvað átt sje við með sáluſjelagi, ætla jeg lítið  
að reyna að skýra að sinni, en nefni að eins nýja  
sögu, sem ekki er alls ófróðleg um þetta efní.

Í júníblaði Óðins er vel rituð grein eftir síra  
Magnús Helgason um síra Steindór heitinn Briem.  
Par segir svo, að eitt sinn á námsárum sínum  
sat Steindór við lestur í rúmi utar af rúmi, sem  
lá í lik nýdáinnar stúlkuna. Alt i einu spyrnir líkið  
í rúmgaslinn, rjettist hægt upp meir en til hálfss  
og opnar augun. Rjett á eftir kemur inn í dyrnar,  
eða opnar þær, unnusti stúlkunnar, sem var af  
öðrum bæ, og vissi ekki að stúlkun var önduð.  
Mjer þykir ekki alls ósenilegt, að stúlkun hafi  
verið með barni mannsins, og að á milli þeirra  
hafi verið nokkurs konar lifssamband, sem eðlis-  
fræðingar hafa engan gaum gesið enn þá, svo jeg  
viti til.

Pessi saga var það, sem fyrst kom mjer til  
að ætla, að það mundi vera satt, að Kristur hesði,  
þegar sjerstaklega stóð á, getað lifgað astur þá,  
sem nýdánir væru, sakir afburða að lifsmagni og  
ástuð, og að þetta muni takast að skýra, eins og  
fleira furðulegt, sem hefur þólt undrun sæta, þegar  
visindin verða komin nokkru lengra áleiðis en nú er.

*Helgi Pjeturss.*

